

**SÝSLUMANNAFÉLAG ÍSLANDS.**  
Bjarnarbraut 2, 310 Borgarnesi.

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 118 /169*  
*komudagur 15 /11 1994*

Borgarnesi, 10. nóvember 1994.

Alþingi Íslendinga,  
Ágústa H. Lárusdóttir,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík.

Umsögn Sýslumannafélags Íslands um frumvarp til laga um sérstakan héraðsdóm í skatta- og bókhaldsmálum, 9. mál á 118 löggjafarþingi.

Stjórn Sýslumannafélags Íslands telur ekki ástæðu til að koma á fót sérstökum dómstóli í skatta- og bókhaldsmálum. Við aðskilnað umboðs- og dómsvalds var mörkuð sú stefna að fækka sérdómstólum og felldir niður t.d. siglinga- og verslunardómur og fikniefnadómstóll.

Allir þeir sem vilja vinna gegn skattsvikum geta verið sammála um að efla þurfi skattaeftirlit og skattrannsóknir, en dómsmeðferðin verði áfram hjá héraðsdómstólum. Héraðsdómarar munu í skatta- og bókhaldsmálum kveðja til sérfróða menn sér til fulltingis, sem meðdómsmenn.

Niðurstaðan er því sú að frumvarp þetta sé með öllu þarflaust og aðeins til þess fallið að gera dómstólaskipunina flóknari.

F.h. stjórnar Sýslumannafélags Íslands.

  
Stefán Skarphéðinsson, formaður.